

111. fundur í stjórn FSS, Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi, 16.06. 2014 kl. 09.00 í Fjölheimum.

Mætt: Gunnar Bragi Þorsteinsson, Þór Hreinsson, Magðalena Jónsdóttir, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásm. Sverrir Pálsson, fr.kv.stj.

Dagskrá:

1. Nýgerðir kjarasamningar.
Framkvæmdastj. kynnti. Starfsfólk er í mismunandi stéttarfélögum. Fimm starfmenn eru t.d. ráðnir skv. samningum kennarasambandsins, aðrir í mismunandi félögum. Stjórn felur fr.kv.stj. að ræða við starfsmenn um aðlögun kjarasamninga KÍ að starfsemi Fræðslunetsins.
2. Námskeiðahald á vorönn 2014. Niðurstaða.
Nemendastundir voru samtals um 25.000 á önninni sem eru 5 þúsund fleiri stundir en á haustönn 2013. Alls voru haldin um 110 námskeið af ýmsum toga á önninni. Námskeiðsflóran er gríðarleg og lýsir stjórn ánægju sinni með starfið.
3. Starfsmannahald á Höfn, Vík og Klaustri.
Tvisvar hefur verið auglýst eftir náms- og starfsráðgjafa á Höfn, en hvorug auglýsingin bar árangur. Starfinu verður bjargað með öðrum hætti, ráðinn starfsmaður í 50% stöðuhlutfall hjá Fræðslunetinu og 50% stöðuhlutfalli hjá framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu.
4. Styrkir til Fræðslunetsins.
Minni styrkir eru í boði á þessu ári og því næsta en verið hefur, engir styrkir t.d. á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og IPA styrkjum vegna raunfærnimats er væntanlega að ljúka.
5. Námskrá. Nám og starf.
Samin hefur verið á vegum Fræðslunetsins námskrá, „Nám og starf“, fyrir fólk með skerta starfsorku og/eða námsfærni. Stuðst verður við námskrána í starfi FSS en hún verður einnig aðgengileg fyrir aðra sem áhuga hafa.
6. Raunfærnimat. Brautskráning námsmanna 12. júní.
Mörg raunfærnimatsverkefni hafa verið í gangi hjá Fræðslunetinu, m.a. fimm verkefni nú á vorönn. Ákveðið var að útskrifa saman alla

rúmlega 80 þátttakendurnar. Fór athöfnin fram þann 12. júní sl. og heppnaðist mjög vel. Raunfærnimatið hefur verið stór og ánægjulegur liður í starfseminni undanfarin ár.

7. Önnur mál.

- a. Starfsmannamál. Framkvæmdastjóri kynnti.
- b. Þór lýsti ánægju sinni með ferð starfsmanna Fræðslunetsins og háskólafélagsins á Höfn, Klaustur og í Vík og mikilvægi þess að halda góðum tengslum og samskiptum milli aðila til að þróa starfsemina í jákvæða átt.

Fundi slitið kl. 10.20.